

Alþingi  
Erindi nr. P 140/261  
komudagur 15.11.2011

**Minnisblað frá Hafrannsóknastofnuninni vegna fundar með Atvinnuveganefnd 15. nóvember 2011 um frumvarp til fjárlaga 2012**

Ríkisframlag til Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir árið 2012 er samkvæmt frumvarpi 1.332 millj.kr. 3% lækkun frá 2011. Ríkisframlag 2009 var 1.525,1 millj.kr. Raun niðurskurður á ríkisframlagi er því um 22-25% frá árinu 2009.

Stofnunin hélt rétt sjó á þenslutímanum fyrir hrun og því var hún illa í stakk búin til að mæta niðurskurði. Ársverkum á stofnuninni hefur fækkað jafnt og þetta, voru um 175 árið 2001 en á síðasta ári 148.

Niðurskurði var mætt með skerðingu verkefna og fækkun úthaldadaga skipa.

Með skerðingu hefur grundvelli útgerðar 2ja rannsóknaskipa verið stefnt í hættu á sama tíma og ný verkefni, m.a. tilkoma nýrra nytjastofna (kolmunna og makríls) og vegna breyttra umhverfisaðstæðna kalla á aukið úthald skipanna.

Styrkir úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins á undanförunum árum hafa gert stofnuninni að mestu kleift að sinna verkefnum sínum. Það er hins vegar álitamál hvort eðlilegt/skynsamlegt sé að svo mikilvæg starfsemi sé háð breytilegum sjóðum. Stofnunin hefur undan farin ár náð góðum árangri í samkeppni um styrki í rannsóknasjóðum Evrópusambandsins.

Frá árinu 2009 hefur olíuverð vegna rannsóknaskipanna hækkað um 53% sem þýðir um það bil 80 millj.kr. hækkun á ári.

Ljóst er að miðað við umfang verkefna í samanburði við önnur lönd eru rannsóknirnar stofnunarinnar reknar af hagkvæmni, einkum ef miðað er við verðmæti og mikilvægi sjávarútvegs í þjóðarbúskap.

Mikið er nú rætt um samkeppnissjóði og mikilvægi þeirra. Það kann að vera eðlilegt í tengslum við háskólaumhverfið, sem ekki hefur tilgreindum og reglubundnum rannsóknaverkefnum að sinna. Stærstur hluti starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar er hins vegar vöktun auðlindar þjóðarinnar, sem er grundvöllur ráðgjafar og langtíma ábyrgar nýtingar og því nauðsynlegt að stjórnvöld kosti þá starfsemi beint.

Með fylgjandi er einnig sundurliðun á sértekjum stofnunarinnar líkt og farið var fram á af nefndarmönnum.

UPPRUNI TEKNA 2010												í þús. kr.
	10101	10111	10112	10113	10141	120	130	13601	14101	146	161	SAMTALS
Sjávarútvegssráðuneytið		1.500										1.500
Verkefnasjóður		53.400	73.500	8.400		33.760	245.700	39.400	800			454.960
Utánríkisráðuneytið											152.400	152.400
Ranníssjóðir			1.697	827								2.524
AVS						8.200			15.200			23.400
Umhverfisstofnun		1.400										1.400
Orkustofnun		14.000					37.500					51.500
Veðurstofna		1.100										1.100
Matis		976	4.992		185	1.050			527			7.730
Nýsköpunarmístöð Íslands						4.150						4.150
Sveitarfélög						2.450						2.450
Atvinnuvegir		846					8.400		7.344			16.590
Norrænir styrkir		463		7.610	4.417							12.490
EB-styrkir		12.118		7.196						40.656		59.970
Erlendir aðilar, aðrir	1.172	2.036	98		269				278		14.742	18.595
Endurg. ferðakostnaður	2.428	141	121							102		2.792
Fjármunatekjur	18.200	138	24			135				16		18.513
Annað	18	604					79				297	998
Rannsóknafli		32	166.099				45.659					211.790
Sýnatökuafli			20.945									20.945
Kostnaðarhlutdeild	13.773			1.534							514	15.821
	<b>35.591</b>	<b>88.754</b>	<b>267.476</b>	<b>25.567</b>	<b>4.871</b>	<b>49.745</b>	<b>337.338</b>	<b>39.400</b>	<b>24.149</b>	<b>40.774</b>	<b>167.953</b>	1.081.618

\*Tölur efst í hverjum dálki vísa til mismunandi viðfangsefna innan stonfunarinnar